

LISTVINAFÉLAGIÐ Í REYKJAVÍK 42. STARFSÁR – HARPA TÓNLISTAR- OG RÁÐSTEFNUHÚS

## **HEILDARLESTUR PASSÍUSÁLMA HALLGRÍMS PÉTURSSONAR í tónlistarhúsinu HÖRPU – Hörpuhorni á 2. hæð**

Föstudaginn langa 29. mars 2024 kl. 12–17.30

LESARI: Halldór Hauksson

TÓNLISTARFLYTJENDUR: Meðlimir úr barokkhópnum Consortico og meðlimir úr kammerkórnum Schola Cantorum

Listvinafélagið í Reykjavík stendur fyrir heildarlestri Passíusálmanna á föstudaginn langa í samvinnu við Hörpu í þriðja sinn, en félagið skipulagði Passíusálmalesturinn í Hallgrímskirkju í Reykjavík um 30 ára skeið.

Passíusálmarnir eru höfuðverk séra Hallgríms Péturssonar (1614–1674) og meðal merkustu bókmenntaverka Íslendinga. Hin kynngimagnaða túlkun skáldprestsins á „historíu pínunnar og dauðans Drottins vors Jesú Kristí“ í fimmtíu sálum var fyrst prentuð árið 1666 og öðlaðist fljótt algjöra sérstöðu í trúar- og menningarlífi þjóðarinnar. Kynslóðir Íslendinga kunnu sálmana meira og minna utan að og sungu þá og lásu í kirkjum og á heimilum um allt land á föstunni. Engin bók hefur oftast verið prentuð á Íslandi og fá listaverk hafa markað jafn djúp spor í þjóðarsálina.

Halldór Hauksson hefur flutt Passíusálmana í heild opinberlega á hverju ári frá 2014. Hann segir: „Það gefur mér afar mikið að lesa þessa sálma á föstunni og er löngu orðinn fastur punktur í tilverunni eins og hjá svo mörgum Íslendingum í aldanna rás og allt til okkar tíma. Það er reyndar andleg og hugmyndafræðileg glíma að flytja þetta efni því það er sannarlega afar margt í heimsmynd Hallgríms sem stangast á við lífsskoðanir mínar. En þetta er holl glíma því viðfangsefni sálmanna eru auðvitað sígild – líf og dauði, sekt og sakleysi, tryggð og svik – og hver sem heimahöfn manns er í trúmálum megnar margslungin túlkun Hallgríms á píslargöngu Krists að vekja vangaveltur og hugrenningar um hinstu rök tilverunnar. Á tímum eins og þeim sem við lifum á held ég að það sé afar mikilvægt að koma saman og hugleiða þessi mál, ekki síst í ljósi þeirra skelfilegu atburða sem eiga sér nú stað aðeins steinsnar frá sögusviði Passíusálmanna.“

Dagskráin fer fram í Hörpuhorninu á 2. hæð Hörpu og hefst á hádegi á föstudaginn langa. Lögð er áhersla á óþvingað flæði og mega gestir koma og fara að vild. Eftir hverja fimm sálma munu annarsvegar meðlimir úr barokkhópnum Consortico flytja barokk- og endurreisnartónlist í bland við sálma (milli kl 12 og 14.30) og hinsvegar meðlimir kammerhópsins Schola Cantorum syngja m.a. lög við sálma séra Hallgríms og sálmalagaútsetningar eftir Johann Sebastian Bach (milli kl 15 og 17.30).

Veitingastaðurinn Hnoss á jarðhæð Hörpu verður opin og geta gestir fengið sér hressingu í tengslum við heimsóknina í Hörpu.

Aðgangur er ókeypis og öll hjartanlega velkomin.